

LÖG

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, og fleiri lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda“ í a-lið 4. mgr. kemur: tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hefur áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt.
- b. Í stað orðanna „íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda“ í b-lið 4. mgr. kemur: einungis tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hafi áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skulda vegna námslána“ í g-lið 1. mgr. kemur: krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána.
- b. Við g-lið 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána.
- c. Á eftir g-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: krafna viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda hafi samhliða verið samið um að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans. Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum lánasjóðsins um framvindu náms skal farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka, eða eftir atvikum þann hluta hennar sem ekki fæst greiddur með láni frá sjóðnum, sem samningskröfu og tekur greiðsluaðlögun þá til kröfunnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á e-lið 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Við fyrri málslíð bætist: á síðustu þremur árum.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt er heimilt að samþykkja umsókn hafi einstaklingur fengið nauðasamning til greiðsluaðlögunar fyrir gildistöku laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:
Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun þegar skuldari hefur gildan nauðasamning til greiðsluaðlögunar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., fellur nauðasamningur sjálfkrafa úr gildi og skal umboðsmaður tilkynna kröfuhöfum og sýslumanni um ógildinguna.
- b. Í stað orðsins „viku“ í 3. mgr. kemur: tveggja vikna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Við f-lið 1. mgr. bætist: eða ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu kröfu.
- b. Á eftir f-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu krafna sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Sé krafa tryggð með lögveði þegar frestun greiðslna hefst skal sá tími sem frestun greiðslna er í gildi vera undanskilinn lögbundnum fyrningarfresti lögveðs.

6. gr.

Við d-lið 12. gr. laganna bætist: nema skuldbinding sem stofnað er til sé nauðsynleg til að sjá skuldara og fjölskyldu hans farborða.

7. gr.

Í stað orðsins „viku“ í 1. mgr. 15. gr., 2. mgr. 18. gr., 3. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: tveggja vikna.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn skuldara um greiðsluaðlögun skal hann þá þegar óska eftir því að athugasemd um samþykki á umsókn skuldara um greiðsluaðlögun verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á. Slík skráning ber ekki þinglýsingagjöld.
- b. Í stað orðanna „skrá athugasemd“ í 4. mgr. kemur: umboðsmaður óska eftir skráningu athugasemdar.

9. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið eða hafi skuldari dregið umsókn sína til baka í samræmi við 5. mgr. 7. gr. skal umboðsmaður skuldara óska eftir aflýsingu athugasemdar skv. 1. mgr. 28. gr.

10. gr.

34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn umboðsmanns skuldara reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga þar sem m.a. skal kveða á um starfsemi umsjónarmanna og samræmda framkvæmd greiðsluaðlögunar.

11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum, sbr. lög nr. 128/2010, bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á meðan á frestun greiðslna stendur og áður en umsjónarmaður er skipaður í samræmi við 9. gr. skal umboðsmanni skuldara vera heimilt að veita samþykki til ráðstöfunar eigna skuldara. Ráðstöfun eigna skal ekki heimiluð nema hún verði talin til þess fallin að auðvelda skuldara að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Sala eigna skal eftir því sem við á vera í samræmi við 13. gr., eðlilegt verð skal koma fyrir eignir og sé hagnaður eftir greiðslu áhvílandi veðskulda skal hann varðveittur þannig að hann liggja fyrir óskertur við lok frestunar greiðslna. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal lánardrottnum sem njóta veðréttar í hinni seldu eign heimilt að taka við greiðslu á kröfum sínum.

Umboðsmaður skuldara skal tryggja að ráðstöfun eigna sé í samræmi við 8. mgr. og að hagnaður af sölu eigna sé varðveittur á sérstökum vörslureikningi umboðsmanns skuldara á meðan á frestun greiðslna stendur.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl., með síðari breytingum.

12. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. a laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar tekur þó ekki til eftirfarandi krafna:

- a. fésekta sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, krafna um vangoldinn virðisaukaskatt, krafna um afdregna vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda og krafna um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi,
- b. krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána að öðru leyti en því að ákveða má við greiðsluaðlögun að afborganir af þeim og vextir falli niður á greiðsluaðlögunartíma; almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána,
- c. krafna viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda hafi samhliða verið samið um að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans; ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum lánasjóðsins um framvindu náms skal farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka, eða eftir atvikum þann hluta hennar sem ekki fæst greiddur með láni frá sjóðnum, sem samningskröfu og tekur greiðsluaðlögun þá til kröfunnar,
- d. uppsafnaðra skulda við opinbera aðila vegna meðlags og fer um uppsafnaða skuld samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

13. gr.

63. gr. c laganna orðast svo:

Ljúka má gjaldprotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluáðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla og eftir atvikum tímabundinni greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum nr. 50/2009. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluáðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 101/2010, um greiðsluáðlögun einstaklinga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

14. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einstaklingar sem hætt hafa atvinnurekstri geta jafnframt sótt um frest til greiðsluuppgjörs ef vanskilin tengjast atvinnurekstri þeirra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 4. mgr. fellur brott.
- b. Í stað lokamálsliðar 5. mgr. koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar í lok næstliðins árs. Gjaldskyldur aðili er undanþeginn greiðslu á því ári sem hann hefur starfsemi. Árið eftir að gjaldskyldur aðili hefur starfsemi skal miða álagningu við greiðslu á 500.000 kr.

16. gr.

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við gjaldtöku vegna ársins 2010 skal miða við upplýsingar um umfang útlána gjaldskyldra aðila í lok ársins 2009 og skal gjalddagi gjaldsins vera 31. desember 2010.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 1. desember 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðbjartur Hannesson.